

## Fundargerð

321. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn  
10. febrúar 2016, kl 16.00, að Grensásvegi 16.

### Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður í síma  
Fjarverandi  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

### Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

### Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaramál
  - a. Sveitarfélögin
  - b. Stofnanasamningar
  - c. Eftirfylgni bókana
4. Stjórnarfundur EPN í Kaupmannahöfn 1.-2. febrúar 2016
5. Undirbúningur félagssjórnarfundar
  - a. Dagskrá
    - i. Undirbúningur Fulltrúapings SLFÍ 2016
      1. Mál sem lögð voru fram fyrir 1. febrúar
        - a. Lagabreytingar
      2. Ársskýrslur deilda
      3. Fjárhagsáætlanir deilda
      4. Staðan hjá Uppstillinganefnd
    - ii. Aðalfundur EPN
      1. Fulltrúar frá Íslandi
    - iii. EPN ráðstefnan
      1. Erindi frá Íslandi
      2. Gestagjafir
      3. Rútuferð með gesti
    - iv. Lífeyrismál
      1. Álit stjórnar á kynningarfundum BSRB
    - v. Sjúkraliðatalið og saga félagsins
    - vi. Atburðir á afmælisárinu
      1. Afmælisnefnd gerir grein fyrir stöðu mála
    - vii. Menntamál
      1. Sérnam sjúkraliða (menntunarmöguleikar)

Önnur mál

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og gerði grein fyrir að Jóhanna Traustadóttir ritari væri veik og Kristín Ólafsdóttir væri í síma.

### 2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Staðan í kjaramálum

- KÁG og GÖG fóru yfir stöðuna í kjaramálum:
  - Fjórir fundir hafa verið haldnir undir stjórn ríkissáttasemjara með Samninganefnd sveitarfélaga SNS. Á síðasta fundi lögðu fulltrúar SNS fram tilboð um launahækkanir á komandi samningstímabili. Tilboðið er mun lægra en SNS hefur nú þegar samið um við önnur stéttarfélög og fulltrúar SNS héldu því fram að draga þurfi frá hluta af þeim hækkunum sem samið var um við SLFÍ í síðasta kjarasamningi vegna væntanlegs SALEKS samkomulags. Samninganefnd SLFÍ telur tilboðið algjörlega óásættanlegt og í engu samræmi við launakjör sambærilegra stétta hjá sveitarfélögunum. Fulltrúar í samninganefnd SLFÍ munu funda með félagsmönnum og fara yfir stöðuna varðandi næstu skref. Næsti fundur hefur verið boðaður þriðjudaginn 16. febrúar.
  - Stofnanasamningurinn við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) er frágengin í samræmi við kröfur félagsins. Vinnan við gerð þessa samnings hefur staðið yfir frá apríl 2015.
  - Í síðasta kjarasamningi voru nokkrar bókanir hjá ríkinu og SFV sem krefjast töluverðrar vinnu og eftirfylgni. Félagið hefur nú þegar skipað sína fulltrúa í verkefnahóp vegna bókananna, en ríkið hefur enn ekki skipað sína fulltrúa og er þrýst á að það gerist sem fyrst. Vinnunni á að vera lokið fyrir 1. apríl 2016 (stubbavaktir) og fyrir 1. júní 2016 (endurskoðun á starfsemi fræðslusjóða og greiðslur í starfsþróunarsjóð).

### 4. Stjórnarfundur EPN í Kaupmannahöfn

GÖG gerði grein fyrir að hann og Birna Ólafsdóttir hefðu mætt á stjórnarfund EPN 1.–2. febrúar s.l., þ.s. farið var yfir skýrslur hvers lands fyrir sig. Í öllum löndunum er sótt að launafólki til að rýra réttindi og kjör enda kom fram að öll löndin nema Færeyjar eru með hægri öfl í ríkisstjórn. Harðast virðist sótt að Finnum þ.s. skerða á veikindarétt verulega, stytta orlof og lækka greiðslur í orlofi. Farið var yfir skipulag ráðstefnunar sem haldin verður á Íslandi á komandi vori. Löndin gáfu upp fjölda fyrirlesara og munu senda fjölda þátttakenda fljótlega. Fram kom að Majbritt formaður sjúkraliða í Færeyjum er að hætta sem formaður.

## 5. Undirbúningur félagsstjórnarfundar

1. Á félagsstjórnarfundinum verði farið yfir.
  - Skipulag Fulltrúaþings SLFÍ á komandi vori. KÁG fer yfir að fyrir 1. febrúar var komin ósk um lagabreytingar vegna bókana í síðasta kjarasamningi vegna menntasjóða félagsins. Unnið verður með lagabreytingarnar í samstarfi við laganefnd félagsins og þær verða klárar fyrir þingið. Engar aðrar óskir bárust. Rætt var um að ekki hafi borist beiðni frá Hornafirði um flutning í Suðurlandsdeildina, þrátt fyrir töluverða umræðu þar um hjá fulltrúum Austurlandsdeildar.
  - Ársreikningar og fjárhagsáætlanir deilda verða lagðar fram og ræddar.
  - Jóhanna Traustadóttir formaður Uppstillinganefndar mun fara yfir stöðu mála í þeirri nefnd.
  - Kjaramál verða rædd.
2. Aðalfundur EPN 30. maí á Íslandi. Fara yfir hverjir verði fulltrúar SLFÍ á fundinum. Tillaga framkvæmdastjórnar er að fulltrúar félagsins verði KÁG, KÓ og BÓ.
3. EPN ráðstefnan á Íslandi mánaðamótin maí – júní 2016. Fara yfir hvert helsta málefni ráðstefnunnar verður, hver flytur erindi frá Íslandi, JJS og JT gera grein fyrir gestagjöfum og KÁG fer yfir hvað verði gert með ráðstefnugestum og hvert verði haldið í ferðalag.
4. Farið verður yfir vinnufund BSRB um lífeyrismál og í stuttu máli gerð grein fyrir umræðunni.
5. Örn Þorvarðarson mætir á fundinn og gerir grein fyrir hver staðan er í vinnslu félagatalsins og sögu félagsins.
6. KÓ fer yfir skipulag atburða á 50 ára afmælisárinu.
7. Menntamál. Birna Ólafsdóttir formaður fræðslunefndar mætir á fundinn og gerir grein fyrir nýjasta sérnáminu.

Önnur mál  
Engin önnur mál

*Fundi slitið kl. 16.55*